



Stjórnarfundur AKÍS

Staður og tími: Hangout 7. apríl 2015 kl. 17:30

Mætt:

Tryggvi Magnús Þórðarson (TMB), Ragnar Róbertsson (RR), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Brynjar Gauti Schiöth (BGS), Þórður Bragason (PB), Þrándur Arnþórsson (ÞA)

Fjarverandi:

Einar Gunnlaugsson (EG), Gunnar Bjarnason (GB), Ari Jóhannsson (AJ), Guðbergur Reynisson (GR)

ÞA ritaði fundargerð.

1. Sagt frá FIA-NEZ fundi 20.-21. mars s.l.

Á fundinn mættu fulltrúar frá Danmörku, Finnlandi, Lettlandi, Noregi, Rússlandi og Svíþjóð. Fyrir fundinum lá að staðfesta keppnisdagatöl sem var gert. Umræður urðu um ráðstefnu FIA (Northern Sport Conference) sem ráðgert er að halda í vikunni fyrir fyrirhugaðan haustfund hérlendis. Nauðsynlegt að fá meiri upplýsingar frá FIA áður en tekin er ákvörðun um að breytingar á haustfundi FIA-NEZ.

Þá var og rætt um öryggisnámskeið sem munu haldin í Lettlandi vegna ralls í ársbyrjun 2016 og einnig boð Svíþjóðar að halda öryggisnámskeið fyrir brautarkeppnir á næsta ári. Meiri upplýsingar um þessi námskeið á haustfundi.

Með í för voru formenn rally cross og gokart nefnda NEZ, sem áttu góðan fund með íslenskum fulltrúum þeirra keppnisgreina.

2. Frá spyrnuráði

Breytingar á reglum um flokkaskilgreiningarinnar í sandspyrnu fyrir standard fólksbíla samþykktar og munu reglur á vefnum uppfærðar til samræmis.

3. Auglýsingar á heimasíðu - hugmynd að framkvæmd

Samþykkt að stjórn setji fram tillögu um fimm tegundir fyrirtækja og eða stofnana sem talið væri að gætu komið til með að veita okkur jáyrði við auglýsingum á heimasíðu og gegn greiðslu, vörum eða þjónustu.

Muna þarf eftir því að við göngum ekki nærri þeim fyrirtækjum sem helst hafa verið að styðja við einstaka keppendur eða félög í akstursíþróttum.

Umræður urðu um þetta.

4. Tilboð í að þýða International Sporting Code - ISC



Samþykkt að formaður sendi á stjórn AKÍS íslenska eldri útgáfu af ISC og einnig 2015 á ensku og frönsku. Stjórn mun í framhaldi leita eftir tilboðum annars staðar frá.

5. **Erindi frá Jakob Cecil Hafsteinssyni vegna upptöku á akstursíþróttum**
Samþykkt. Tilvísun AKÍS: 2015-TV-1004
6. **Erindi frá Þrándi Arnþórssyni / 4x4Offroads.com vegna upptöku á akstursíþróttum**
ÞA yfirlýsing fundinn undir þessum lið. Samþykkt. Tilvísun AKÍS: 2015-TV-1005
7. **Erindi frá Discovery Channel Canada vegna þáttarins Megaspeed.**
Samþykkt með því fororði að Tómas Þorvaldsson hdl sjái um lokagerð enska textans sem fer. Þegar heimildin verður send mun hún fá tilvísun: AKÍS: 2015-TV-1006
8. **Sagt frá fundi með LRH**
Fundur var haldinn með LRH þar sem það embætti veitir heimild fyrir flestum keppnum sem haldnar eru á landinu.
Á fundinum var farið yfir fundi sem AKÍS hefur haldið nú í ár vegna tryggingarmála og funda með Innanríkis- og Fjármálaráðuneytum.
Báðir aðilar voru sammála um að gott væri að halda svona fundi og oftast en einu sinni á ári.
9. **Yfirlýsing fyrir vef FIA vegna erlendra keppenda á Íslandi**
Samþykkt að senda á FIA eftirfarandi yfirlýsingu vegna þátttöku erlendra keppenda:

The Icelandic Motorsport Association, AKIS, allows for any national permitted event shown on its Calendar to include Foreign Participation from within the European Economic Zone using their national licence, from elsewhere using a standard international licence, upon request by the event organiser to AKIS.

10. **Fundir stjórnar**
Samþykkt að stjórnarfundir verði sem hér segir:

Dags	Tími	Tegund	Dags	Tími	Tegund
7.4.2015	17:30	Google Hangouts	18.8.2015	18:00	Google Hangouts
21.4.2015	17:30	Raunfundur	8.9.2015	17:30	Raunfundur
5.5.2015	18:00	Google Hangouts	22.9.2015	18:00	Google Hangouts
19.5.2015	17:30	Raunfundur	6.10.2015	17:30	Raunfundur
2.6.2015	18:00	Google Hangouts	20.10.2015	18:00	Google Hangouts
16.6.2015	18:00	Raunfundur Akureyri	31.10.2015	17:30	Formannafundur
7.7.2015	18:00	Google Hangouts	3.11.2015	17:30	Raunfundur
21.7.2015	18:00	Google Hangouts	17.11.2015	18:00	Google Hangouts
4.8.2015	18:00	Google Hangouts	8.12.2015	17:30	Raunfundur

Bæði stjórn og varastjórn eru boðaðar á alla stjórnarfundir.



11. Skoðun keppnistækja

Samþykkt var að setja fram reglur um frumskoðun nýrra keppnistækja sem byggð eru frá grunni. Stefnt er að því að innan fjögurra vikna séu komin frumdrög að slíkum reglum og þau lögð fyrir fund stjórnar þann 19. maí 2015.

Ritara falið að leiða þetta verk og gera frumdrög að reglum þessum.

Umræður urðu um almenna skoðun keppnistækja og viðraðar hugmyndir um hvort sama teymi eigi að skoða fyrir hverja keppnisgrein eða hvort eigi að útbúa eins konar skoðunarvottorð fyrir hvert keppnistæki. ÞA falið að fá upplýsingar um skoðunarvottorð frá Noregi / Svíþjóð / Finnlandi.

12. Stefnumótun og skýrslur um akstursíþróttir

Til samræmis við það sem fram kom á FIA Sport Conference 2014 þar sem lagt var til við aðildarfélög að athugað yrði umfang akstursíþróttta í þjóðhagstölum þá fól stjórnin formanni og framkvæmdastjóra að koma með tillögu hvernig best væri að standa að þessu.

Byggt á þeirri skýrslu að hluta og því sem best þekkist erlendis yrði síðan ráðist í stefnumótunarvinnu fyrir sambandið.

13. Mál til Laganefndar ÍSÍ

Samþykkt að fá úrskurð Laganefndar ÍSÍ hvernig skuli reikna fulltrúafjölda aðildarfélaganna á næsta ársþingi AKÍS miðað við breytingu þá sem var gerð á skráningu keppnisskírteina.

14. Ferðir á fundi erlendis

Að svo komnu máli þá verður farið á FIA Northern European Sport Conference (16. október 2015), en staðsetning þess er óviss og síðan aðalfund FIA í París (27. nóvember 2015).

15. Önnur mál

Fleira ekki tekið fyrir og fundi lokið kl. 18:31.